



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnarsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 06.04.2020

Kl.: 17:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvindan

Unnið er hörðum höndum að því að miðla upplýsingum og ráðleggingum til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og [Upplýsingasíðunni covid.is](#)

Rakning C-19 Út er komið smáforritið (appið) Rakning C-19 sem er mikilvægur hlekkur í því viðamikla starfi sem er í gangi vegna Covid-19. Appið hjálpar til við að greina ferðir einstaklinga og rekja saman við ferðir annarra þegar upp kemur smit eða grunur um smit. Appinu hefur nú verið hlaðið niður 115 þúsund símtæki. Appið er aðgengilegt í [App Store](#) og [Google Play English Polsku](#)

Staðfestingu/vottorð um sóttkví

Einstaklingar þurfa að vera skráðir í sóttkví til að hægt sé að gefa út staðfestingu/vottorð um slíkt. Þeir hafa þá annað hvort farið í sóttkví vegna ferðalaga eða hafa verið skráðir í sóttkví af heilsugæslunni eða rakningateymi skv. fyrirskipun sóttvarnalæknis.

- Einstaklingar með rafræn skilríki geta skráð sig sjálfir í sóttkví á [heilsuvera.is](#) (eingöngu sóttkví fyrirskipuð af yfirvöldum sbr. að ofan, en ekki sjálfskipuð sóttkví).
Ef einstaklingar eru ekki með rafræn skilríki þá skrá þeir sig í sóttkví á sinni heilsugæslu.
- Þegar skráning er frágengin er hægt að sækja vottorð/staðfestingu um sóttkví á [heilsuvera.is](#) með rafrænum skilríkjum.

[Þetta má sjá nánar hér](#). Vottorð vegna einangrunar þarf að nálgast hjá þínum lækni.

Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.562 og 1.096 eru í einangrun. Alls eru 1.146 innanlandssmit og ekki vitað um uppruna 86 smita. Samtals hafa um 27.880 sýni verið tekin, 1.556 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru sex láttnir.

[Skv. tölum Landspítalans](#) eru 35 á Landspítala með COVID-19 smit, þar af eru 10 á gjörgæslu og sex á öndunarvél. 983 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19, þar af 108 börn í eftirliti Barnaspítala Hringins. Þá hefur 476 einstaklingum batnað og 41 einstaklingar hafa verið útskrifaðir af spítalanum.

Upplýsingafundur helgarinnar:

Laugardagur 4. apríl:

Þátttakendur: **Víðir Reynisson**, yfirlögregluþjónn, **Alma D. Möller**, landlæknir og **Sara Dögg Svanhildardóttir**, sem hefur náð bata eftir að hafa smitast af Covid-19.

Rakning - COVID-19

Hjálpum rakningateymi almannavarna að rekja hugsanleg COVID-19 smit á Íslandi.

Hvernig virkar appið og hvaða upplýsingar geymir það?

Appið vistar ferðir þínar og geymir þær með öruggum hætti í tækinu þínu. Í ákveðnum tilvikum getur rakningarteymið sent þér tilkynningu og beðið þig um að senda þeim gögnin. Þá getur þú með einum smelli sent gögnin til rakningateymis almannavarna. Er það gert til að auðvelda rakningu smita meðan á COVID-19 stendur.

Tækið geymir staðsetningar síðustu 14 daga. Eldri gögn eyðast sjálfkrafa.

Aðeins símanúmerið þitt er geymt í miðlægan notendagrunni, engum öðrum upplýsingum er miðlað þangað.



Skrá mig í rakningu

- **Helstu hvatningar:**

Að fjarlægðarmörk í verslunum séu virt og að fólk sýni starfsfólki þeirra kurteisi

Að fólk í sóttkví sé eins lítið á ferðinni og mögulegt er ferðit ekki á milli landshluta.

Að vera heima yfir páskana og huga tímanlega að því að kaupa inn

Að hafa varann vegna mögulegs smits en nokkur dæmi eru um hópsýkingar vegna þess að fólk er ekki með varann á.

Fram kom hjá landlækni að líklegt sé að við nálgumst hápunktinn í vexti faraldursins. Hápunkti er náð í heilbrigðiskerfinu viku til 10 dögum síðar.

Staðan á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er þung og biðlað er til hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða að gefa sig fram til starfa þar með því að hafa samband á hvest@hvest.is

Sara Dögg Svanhildardóttir lýsti ferlinu við að smitast af COVID-19. Hún lagði áherslu á tilfinningalega þáttinn sem tengist því að smitast, svo sem áhyggjum af því að hafa smitað aðra og samviskubiti sem þyrfti að koma í veg fyrir. Mælti hún með að allir fengju sér smitrakningarappið til að auðvelda störf við að rekja smit. Lagði líka áherslu á að fólk hugaði vel að þeim sem hafa smitast.

Víðir sagði að vond spá næsta sólarhringinn skapaði góð tækifæri til að æfa sig í að ferðast innanhúss.

Sunnudagur 5. apríl:

Gestir fundarins: **Páll Matthíasson** forstjóri Landspítala og **Óskar Reykdalsson** forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn og **Þórólfur Guðnason** sóttvarnalæknir fóru yfir stöðu mála með tilliti til COVID-19 hér á landi.

Víðir hóf fundinn með því að færa þakkir listamönnum og fjölmiðlum fyrir að skapa og miðla fjölbreyttu efni til landsmanna á öllum aldri til upplýftingar og ánægju. Hann þakkaði líka öllum þeim sem hafa tekið sig til og safnað fyrir gjöfum til mikilvægra verkefna og ýmsum góðum málefnum.

- Nú eru um 400 manns sem hefur batnað af COVID-19. Virk smit eru núna 1.058 og virðast því hafa náð ákveðnum hápunkti
- All hafa nú verið tekin rúmlega 25.000 sýni eða hjá um 7% þjóðarinnar. Fjöldi þeirra sem hafa verið eða eru í sóttkví svara til um 5% þjóðarinnar. Þórólfur telur alveg ljóst að aðgerðir hafi skilað árangri og að tekist hafi að verja heilbrigðiskerfið og spítalana. Hann leggur þó áherslu á að ekki megi mikið út af bregða og hópsýkingar eins sést hafa í nokkrum bæjarfélögum geta sett strik í reikninginn.
- Í nokkrum sveitarfélögum er mikið álag, þ.e. í Vestmannaeyjum, á Hvammstanga og sérstaklega núna í Bolungarvík og á Ísafirði. Sóttvarnalæknir og almannavarnir eru í stöðugu sambandi við þessa staði. Verið er að teikna upp hvað tekur við þegar núverandi samkomutakmörkunum lýkur 4. maí og verður það kynnt síðar. Miklu skiptir að vera á varðbergi gagnvart hópsýkingum eins og þeim sem þegar hafa komið upp í nokkrum bæjarfélögum og afar brýnt að fólk fylgi öllum fyrirmælum og leiðbeiningum.
- Heilsugæslan leggur áherslu á að fólk hringi á undan sér og nú er það nær undantekning ef fólk gerir það ekki. Þetta segir Óskar mikilvægt því þannig megi stýra þjónustunni þannig að þeir sem gætu mögulega verið smitaðir af COVID-19 hitti ekki þá sem þurfa á þjónustu að halda af öðrum ástæðum og þannig sé líka auðveldara að vernda þá sem eru viðkvæmir fyrir og þurfa af öðrum ástæðum á þjónustu að halda.

Mánudagur 6. apríl:

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn, **Alma D. Möller**, landlæknir og **Þórólfur Guðnason** sóttvarnalæknir fóru yfir stöðu mála með tilliti til COVID-19 hér á landi. Gestir fundarins voru **Páll Matthíasson** forstjóri Landspítala og **Anna Birna Jensdóttir**, framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

Tvö dauðsföll af völdum Covid-19 síðasta sólarhringinn, eitt á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík og eitt á Landspítalanum. Heildarfjöldi látinna er því kominn upp í sex manns. Faraldurinn í svipuðum línulegum fasa og áður, og fylgir vel spálíkaninu frá Háskóla Íslands. Sem fyrr eru innlagnir á gjörgæslu í samræmi við verstu spár. Kemur bráðlega í ljós hvort toppur faraldursins fylgir spálíkaninu.

Áætlun varðandi mögulegar afléttingar aðgerða 4. maí í sífelldi endurskoðun, sem og reglur varðandi komur erlendra ferðamanna til landsins, en von er á skemmtiferðaskipi til landsins í lok maí. Allar breytingar eftir 4. maí verða kynntar er nær dregur. Landlæknir segir tölur erlendis frá benda til töluverðar dánartíðni meðal þeirra sem leggjast inn á gjörgæslu. Þá sé stöðugt verið að þróa nýjar meðferðir. Biðlaði sérstaklega til fólks á landsbyggðinni til að skrá sig í bakvarðasveitina, sem og hjúkrunarfræðinga með þekkingu af störfum á gjörgæslu.

Forstjóri Landspítalans telur að faraldurinn fari að ná hápunkt, og spítalinn sé að undirbúa sig undir aukið álag. Þá séu ekki merki um það að börn í áhættuhópum hafi fengið alvarleg einkenni af völdum COVID, og benti á nýtt myndband af fyrirlestri Valtýs Stefánssonar Thors, barnsmitsjúkdómalæknis, um börn og Covid-19, sem birt var á vefsíðu Landspítalans í dag. <https://www.landspitali.is/um-landspitala/fjolmidlatorg/frettir/stok-frett/2020/04/06/Barnsmitsjukdomalaeknir-fjallar-um-Covid-19-og-born-i-veffyrirlestri-myndskeid/>

Um 2800 manns búa á hjúkrunarheimilum hérlendis. Meðalaldur íbúa er um 85 ár og þarfnast þeir aðstoðar allan sólarhringinn. Anna frá Sóltúni sagði heimsóknarbann hafa reynt mikið á íbúa sem og ættingja. Bannið hafi hins vegar gefist vel og mikilvægt að því verði framhaldið. Árvegni verði enn í hávegum höfð og engar tilslakanir.

Hjúkrunarheimili landsins fylgja sérstakri aðgerðaráætlun vegna Covid, sem er uppfærð reglulega og þá hefur Hrafnista til að mynda útbúið sérstaka Covid-einingu ef þurfa þykir.

Mikilvægt fyrir ættingja að vita að ástvinir þeirra séu ekki einangraðir inn á öldrunarstofnunum. Vegna samkomubannsins sé nú meira unnið með hvern einstakling, og mikilvægt að fólk virði áfram heimsóknarbannið yfir páskana – ástvinir þeirra séu ekki einir.

Víðir furðaði sig á ferðalögum Íslendinga um helgina, en koma þurfti upp fjöldahjálparstöðvum eftir að hundruð lentu í hremmingum vegna ófærðar.

Þá sé ekki skynsamlegt að bjóða stórfjöldskyldunni í mat um páskana, ástandið kalli á að fjölskyldur séu hugmyndaáríkar varðandi útfærslur á páskamáltíðinni þetta árið.

Upplýsingamiðlun og verkefni

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19.

Landhelgisgæslan TF-GRO, þyrlla Landhelgisgæslunnar, flaug á þriðja tímanum með tíu úr bakvarðasveit heilbrigðiskerfisins til Ísafjarðar. Þyrflan flutti jafnframt veirupinna og grímur auk þess sem áhöfnin sótti möguleg COVID-19 sýni sem fara í greiningu í Reykjavík. Þyrflan tók á loft frá Reykjavíkurlflugvelli laust eftir klukkan tvö og lenti rúmri klukkustund síðar á flugvelli á Ísafirði.

Rauði krossinn. Vegna álags á Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is [hefur félagsmálaráðuneytið](#) ákveðið að styðja við þjónustuna. Stuðningurinn mun efla Hjálparsímann og netspjallið í að sinna meðal annars fjölskyldum, börnum og ungmennum, fötluðu fólki öldruðum og fólki af erlendum uppruna á þeim fordæmalausu tímum, sem nú eru uppi. Þetta gerir Rauða krossinum á Íslandi kleift að sinna hlutverki sínu betur. Alls voru samtöl síðustu viku hátt á níundahundrað og bar helst á kvíða, einmannaleika, þunglyndi, atvinnuleysi og ýmsar upplýsingar varðandi COVID-19

Rauði krossinn og Slysavarnarfélagið Landsbjörg hvetja fólk sérstaklega til að vera heima um páskana og munu birta auglýsingar með slíkri hvatningu næstu daga.

Björgunarsveitir. Vegna ófærðar og óveðurs hafa björgunarsveitir undanfarið sinnt sjúkraflutningi Covid-19 veikra á farsóttarhús, séð um flutning á Covid-19 sýnum til greiningar víða af landsbyggðinni og aðstoðað heilbrigðisstarfsfólk við að komast til og frá vinnu. Einnig hafa björgunarsveitir aðstoðað við dreifingu matvæla til eldri borgara.

Heilbrigðisstarfsmenn í Samhæfingarstöðinni eru að setja saman heildaráætlun fyrir heilbrigðisstofnanir um viðbrögð við COVID-19. Einnig er verið að huga að hlífðarbúnaðarmálum til að tryggja að ávallt séu til nægar birgðir af nauðsynlegum búnaði.

Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins Borgarþjónustan hefur afgreitt ríflega 4500 fyrirspurnir frá miðjum marsmánuði. Áherslan er áfram á að aðstoða þá sem enn eru erlendis en vilja komast heim. Í þeim tilgangi hefur verið haft beint samband við um 3500 manns, sem eru skráðir í grunninn. Af þeim eru 3100 komnir heim eða hyggjast dveljast áfram erlendis en á þriðja hundrað eru á heimleið eða hafa ekki fundið greiða leið heim. Icelandair mun fljúga til og frá Alicante þann 8. apríl nk. og er flugið komið í sölu á vef Icelandair. Um er að ræða síðasta beina flugið milli Spánar og Íslands á áætlun næstu vikunnar. Fluginu er ætlað að koma til móts við þá Íslendinga á Spáni sem vilja komast heim til Íslands, nú þegar flest flug falla niður næstu vikur, og er í samræmi við samning íslenskra stjórnvalda við Icelandair. Almannaþing og utanríkisþjónustan fylgjast náið með heimflutningum Norðurlanda og annarra Evrópuþjóða og vinna saman að því að

aðstoða Íslendinga við að komast að í þau flug. Þetta er eina leiðin heim frá þeim ríkjum sem hafa algjörlega lokað landamærum sínum og munu fleiri fá að nýta sér slík flug á næstu dögum. Sem dæmi má nefna að yfir 130 manns nýttu sér flug frá Póllandi til Íslands í vikunni með flugfélaginu LOT á vegum pólskra stjórnvalda. Um 20 manns hafa nýtt sér flug danskra, þýskra, breskra, franskra og finnskra stjórnvalda frá Mið- og Suður-Ameríku, Afríku, Austur-Evrópu og Asíu, þ.m.t. Wuhan.

Hertar aðgerðir vegna COVID- 19 sjúkdómsins á Vestfjörðum

[Íbúi á hjúkrunarheimilinu Bergi Bolungarvík lést í gær úr COVID-19 sjúkdómnum](#)

Íbúi á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík lést í gær úr Covid-19 sjúkdómnum. Tveir eru sýktir af Covid-19 og þrír heimilismenn eru í einangrun. Fimm íbúar eru í sóttkví án einkenna. [Aðgerðastjórn almannavarna á Vestfjörðum í samráði við sóttvarnalækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra](#) hefur ákveðið að bregðast enn frekar við COVID- 19 á Suðureyri, Flateyri, Þingeyri og Súðavík með neðangreindum aðgerðum:

Leik- og grunnskólum á Suðueyri, Flateyri, Þingeyri og Súðavík verði lokað frá og með 6. apríl 2020. Þó skulu börn á for-gangslistum fá vistun á leikskólum og 1. og 2. bekkjum grunnskóla.

Samkomubann verði miðað við 5 manns (þetta á þó ekki við um fjölskyldur sem búa á sama heimili).

Fjöldi viðskiptavina í stærri verslunum (>150 fermetrar) sé að hámarki 30 á hverjum tíma. [Enn eru hertar aðgerðir á Ísafirði, Hnífsdal og Bolungarvík](#) vegna Covid -19. Ákvörðun aðgerðastjórnar frá 1. apríl sl. um hertar aðgerðir í Bolungarvík, Hnífsdal og Ísafirði er enn í gildi.

Viðbragðsteymi til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa

Félags- og barnamálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa komið á fót viðbragðsteymi til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Viðbragðsteymið er skipað fulltrúum fyrrgreindra aðila ásamt fulltrúa félagsmálastjóra, fræðslustjóra, Reykjavíkurborgar og Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar og starfar í náinni samvinnu við aðila sem sinna hagsmunagæslu og/eða þjónustu við viðkvæma hópa og fundar í það minnsta einu sinni í viku Staðan í þjónustu við viðkvæma hópa er á flestum stöðum nokkuð góð og ekki mikið um nýjar áskoranir frá því fyrir viku. Sérstaklega var leitað upplýsinga um stöðu barna í vikunni kom þá fram áhyggjur væru af velferð barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og enn fremur hefur fækkun tilkynninga til barnaverndar verið áhyggjuefni. Nefndar voru tölur á borð við 20-30% fækkun tilkynninga til barnaverndar en upplýsingar á landsvísu liggja ekki fyrir. Unnið er að því að afla þessara gagna.

Réttindavakt félagsmálaráðneytisins:

Í vikunni fundaði Réttindavakt félagsmálaráðneytisins sem í sitja hagsmunasamtök fatlaðs fólks og var farið yfir stöðu fatlaðs fólks á Íslandi í ljósi COVID-19. Á fundinum ræddi Réttindavaktin meðal annars um hvernig tryggja megi að þjónusta við fatlað fólk skerðist sem minnst og hvernig hægt sé að tryggja fullnægjandi upplýsingaflæði til fatlaðs fólks. Afar mikilvægt er að tryggja að öllum sé gert kleift að fylgjast með umræðunni um COVID-19 í samfélaginu og hvetur Réttindavaktin þá aðila sem miðla mikilvægum upplýsingum vegna COVID-19 að hafa efnið einnig á auðlesnu máli. Félagsmálaráðneytið vill ítreka netfangið vidbragð@frn.is. Þangað geta allir leitað sem hafa áhyggjur af framkvæmd þjónustu eða hafa ábendingar um það sem betur má fara í velferðarþjónustu

Vefurinn www.covid.is

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu [covid.is](http://www.covid.is) Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Vefurinn er í sífellldri þróun og uppfærður reglulega. Sérstakur hnappur um geðheilbrigði [Líðan okkar](#) uppfærður með margvíslegum upplýsingum og aðstoð í öllum landshlutum.

Framundan:

- Upplýsingafundir fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 verður þriðjudaginn 7. apríl 2020 kl. 9:00.

Samráð og frekari upplýsingar









- **Allir íbúar Íslands** sem hafa dvalið erlendis og snúa heim 19. mars eða síðar þurfa að fara í sóttkví í 14 daga. [Sjá upplýsingar á vef embættis landlæknis.](#)
- Lýðheilsusvið embættis landlæknis hefur tekið saman heilræði sem byggja á niðurstöðum rannsókna á því hvað er gagnlegt að gera til að hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. [Heilræðin eru nú birt daglega á vef.](#)
- [Sektir fyrir brot gegn sóttvarnalögum vegna COVID-19.](#) Frétt á vef stjórnarráðsins 27.03.2020.
- Fréttatilkynning heilbrigðisráðherra: [Samkomubann framlengt til 4. maí til að hefta útbreiðslu Covid-19](#) sem átti að falla úr gildi 13. apríl næstkomandi.
- [Leiðbeiningar fyrir einstaklinga með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu \(uppfært 30.03.2020\)](#)
- [Leiðbeiningar til veitinga og gististaða vegna hámarksfjölda í hópum og hverju rými](#) . Nú er sem kunnugt er búið er að herða kröfurnar vegna samkomubanns og hámarks fjöldi í hópum og hverju rými er 20 manns. Ferðamálastofa hefur í samvinnu við Embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytið unnið leiðbeiningar. Munum einnig 2ja metra regluna.
- [Vinnueftirlitið hefur heimildir til að loka vinnustöðum sem ekki virða hið nýja samkomubann](#) Vinnueftirlitið beinir því til vinnustaða að hlíta hertum reglum um samkomubann. Að öðrum kosti er litið svo á að þeir ógni öryggi og heilbrigði starfsmanna sinna. [Sjá uppl. í tengslum við COVID-19.](#)
- [Stjórnvöld koma til móts við vinnumarkaðinn.](#) Samþykkt frumvarp um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Alþingi hefur samþykkt frumvarp, félags- og barnamálaráðherra, um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Lögin fela í sér að laun sem greidd eru [samhliða minnkuðu starfshlutfalli](#) koma ekki til skerðingar á atvinnuleysisbótum [Verktakar og sjálfstætt starfandi sækja um á Mínum síðum.](#) Skila inn vottorði frá RSK um að rekstur hafi dregist saman.
- [Bakvarðasveit lögreglu.](#) Óskað er eftir fólki, sem lokið hefur prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum ásamt starfsnámi á vegum lögreglunnar.
- [Bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar.](#) Heilbrigðisyfirvöld óska liðsinni heilbrigðisstarfsfólks úr hópi heilbrigðisþjónustu sem starfa hjá opinberum heilbrigðisstofnunum. rúmlega 1.000 manns skráð sig á lista bakvarðasveitar heilbrigðisþjónustunnar og yfir 116 komnir til starfa. Á skrá eru einstaklingar úr 13 löggiltum heilbrigðisstéttum sem hafa boðið fram aðstoð sína. [Bakvarðasveit félagsmálaráðuneytis Félags- og barnamálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, vinna í sameiningu að því að koma á fót bakvarðasveit í velferðarþjónustu.](#) Bakvarðasveit velferðarþjónustu fór í loftið 17. mars og eru nú komnar yfir 1.000 skráningar. Hópurinn sem hefur skráð sig er fjölbreyttur og samræmist það vel þeim ólíku störfum sem fyrir hendi eru í velferðarþjónustu. Þegar hafa sex sveitarfélög og ein stofnun óskað eftir starfsfólki af listanum og hefur listinn reynst vel þegar upp hafa komið mál tengd COVID-19. Í flestum tilvikum hefur verið um að ræða sólarhringsþjónustu á heimilum fatlaðs fólks sem ekki má falla niður en auk þess hefur verið óskað eftir hjúkrunarfræðingum í heimahjúkrun og starfsmönnum í barnavernd.
- [Bakvarðalista fyrir Dýralækna- til að sinna dýralækningum.](#) sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, ásamt Matvælastofnun og Dýralæknafélagi Íslands hafa sett upp. [Bændasamtökin](#) hafa komið á fót miðlægðri afleysingaþjónustu fyrir bændur.
- [Leiðbeinandi viðmið um íþrótt- og æskulýðsstarf í ljósi takmörkunar á skólastarfi og samkomum.](#) Leiðbeinandi viðmið um hvernig beri að túlka auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar þegar kemur að íþrótt og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðna.
- [Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur – upplýsingasíða vegna COVID 19.](#)
- Hægt er að nálgast upplýsingar um niðurstöður sýna frá Íslenskri erfðagreiningu/DeCode í Heilsuveru undir valmyndinni „Samskipti“. Innskráning með rafrænum skilríkjum.
- Vefsíðan <https://island.is/> er upplýsinga- og þjónustuveita opinberra aðila á Íslandi. Þar getur fólk og fyrirtæki fengið upplýsingar og notið margvíslegrar þjónustu hjá opinberum aðilum á einum stað í gegnum eina gátt. Vefurinn er einnig á ensku.
- [Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Ursula Von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins](#) áttu fjarfund í dag þar sem þær ræddu fyrst og fremst um heimsfaraldur COVID-19 og efnahagsleg áhrif hans.



COVID-19 á Íslandi - Tölfræði


- Upplýsingar á síðunni eru sóttar úr gagnagrunni á miðnætti.

Heildartölur

 1.562 staðfest smit	 1.096 í einangrun	 38 á sjúkrahúsi	 12 á gjörgæslu
 460 náð bata	 5.263 í sóttkví	 12.467 lokið sóttkví	 27.880 sýni

Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru sex látin.

Fjöldi virkra smita og þeirra sem er batnað




Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví




53%

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví




Fjöldi smita



[Download data](#)

Þegar gefnar eru út upplýsingar um hve smituðum hefur fjöldi mikil frá deginum áður er það ekki alltaf svo að sambærileg tala birtist í síðu dagsins. Ástæðan er sú að birting upplýsinga um smit taka mið af því hvenær sýnið var tekið en ekki hvenær það var greint.

Fjöldi sýna




Fjöldi smita eftir kyni



Download data

Uppruni smits



Download data


Smit / sóttkví eftir landshlutum



Landshluti	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1.126	2.972
Suðurnes	72	229
Suðurland	165	389
Austurland	6	69
Norðurland eystra	42	209
Norðurland vestra	35	54
Vestfirðir	42	335
Vesturland	29	129
Óstaðsett	45	877
Útlönd	0	0

Download data

Fjöldi smita eftir aldri



Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 1,289,380 einstaklingi** samkvæmt John Hopkins og **um 70,798 einstaklingar** hafa látist. Þá hafa **270,372 einstaklegur náð** sér eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu-ógn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](https://www.ecdc.europa.eu/) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.